



Kjósarhreppur auglýsir nýtt aðalskipulag

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029. Heildarendurskoðun.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps hefur að fenginni heimild Skipulagsstofnunar samþykkt að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Kjósarhrepps skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tillagan er ætlað að leysa af hólmi gildandi Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005–2017.

Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík. Einnig má nálgast öll gögn aðalskipulagstillögunnar rafrænt á heimasíðu Kjósarhrepps www.kjos.is.

Tillagan er til kynningar frá 31. maí – 14. júlí 2018. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast fyrir 14. júlí 2018.

Skila skal athugasemdum skriflega til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans í Ásgarði, Kjósarhreppi, 276 Mosfellsbær eða á netfangið jon@kjos.is

Jón Eiríkur Guðmundsson,
Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps.